

Skútustaðahreppur
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 15.febrúar 2019
UST201901-412/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulagsbreyting - Reykjahlíð - Skútustaðahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir þéttbýlið Reykjahlíð í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gengur út á að stækka matvöruverslun, byggja þjónustukjarna og stækka bílastæði. Auk þess kemur fram að meta á byggingarmöguleika vestan Helluhrauns fyrir lágreist íbúðarhús sem falla vel að aðliggjandi byggð.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist í sveitarfélagini undanfarin ár og því mikilvægt að bygga upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningastaða, og umfang göngustígna.

Byggingar falla vel að umhverfi

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar og bílastæði falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segir: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“ Umhverfisstofnun leggur því til, að skoðaðir verði þeir möguleikar að láta nýtt bílastæði falla vel að umhverfinu og vernda og forðast rask á náttúru, lífríki og jarðminjum á svæðinu.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun telur að svæðið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en svæðið er nú þegar raskað að hluta.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að í tillögunni þurfi að koma fram hvort aðrir valkostir voru skoðaðir og hvort gripir verði til mótvægisáðgerða sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Öryggi almennings - Hraunvegur

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir aukinni umferð á skipulagssvæðinu, bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hugað verði að öryggi og aðgengi gangandi og hjólandi á svæðinu í breytingartillögunni. Umhverfisstofnun bendir á að tryggja þarf gott flæði fólks að þjónustu banka, heilsugæslu og skrifstofu hreppsins sem í dag er annarsstaðar en á skipulagssvæðinu. Ferðamenn sem koma á skipulagssvæðið fara yfir Hraunveg til að skoða Mývatn og taka myndir. Auk þess eiga ferðamenn sem dvelja á tjaldstæðinu að Bjargi erindi inn á skipulagssvæðið. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að tryggja þurfi öryggi gangandi sem fara yfir Hraunveg með gangbrautum, hraðahindrunum og lækkun á hámarkshraða á svæðinu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að hugað verði að umferð gangandi og hjólandi vestan Hraunvegar í tillögunni. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að hægt væri að stýra umferð ferðamanna um svæðið með því að staðsetja útsýnisstað fyrir fólk þar sem það getur horft yfir vatnið.

Innkeyrslur

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjölda innkeyrsla inn á skipulagssvæðið og aðliggjandi svæðum verði halddið í lágmarki til að auka umferðaröryggi akandi, gangandi, hjólandi og farið verði eftir veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að með innkeyrslu inn á fyrirhugað bílaplan frá Helluhrauni mun umferð um íbúðargötuna líklega aukast.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur